

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 41/2011****2011/EES/37/35****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,  
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2010 frá 10. desember 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2010/32/ESB frá 10. maí 2010 um framkvæmd rammasamnings um forvarnir gegn áverkum af völdum beittra og oddhvassra áhalda á sjúkrahúsum og við heilsugæslustörf, sem HOSPEEM og EPSU hafa gert með sér <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16jf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/161/ESB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„16jg **32010 L 0032**: Tilskipun ráðsins 2010/32/ESB frá 10. maí 2010 um framkvæmd rammasamnings um forvarnir gegn áverkum af völdum beittra og oddhvassra áhalda á sjúkrahúsum og við heilsugæslustörf, sem HOSPEEM og EPSU hafa gert með sér (Stjtíð. ESB L 134, 1.6.2010, bls. 66).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/32/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 17, 31.3.2011, bls. 20.

(<sup>2</sup>) Stjtíð. ESB L 134, 1.6.2010, bls. 66.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.